



Bandalag íslenskra listamanna

Federation of Icelandic artists

Reykjavík, 4. ágúst, 2022

Borgarstjóri, Dagur Eggertsson
Formaður borgarráðs, Einar Þorsteinsson
Formaður menningar- íþróttá- og tómstundaráðs, Skúli Helgason

Efni: Um sameiningu sviða menningar og íþróttá og tómstundamála - berist til borgarstjóra, borgarráðs og menningar- íþróttá og tómstundaráðs.

Bandalag íslenskra listamanna undrast þá sameiningaráætlun sviða menningar-, íþróttá- og æskulýðsmála sem sett var í gang í sumar í kjölfar sveitastjórnarkosninga.

Í geinargerð með tillöguninni sem borin var upp í borgarráði 18. júlí segir:

“Markmiðið með sameiningunni er að styrkja málaflokka menningar, íþróttá og skipulagðra tómstunda af fjölbreyttu tagi með því að nýta samlegð í innviðum og miðlægrri stjórnsýslu ásamt því að kortleggja sameiginleg sóknarfæri til framtíðar.”

Gott ef satt reynist, en þessa sameiningarhugmynd er ekki að finna í kafla um menningu og íþróttir í sáttmála meirihlutaflókka borgarinnar frá því sumar, heldur undir kaflanum *Rekstur, fjármál og stjórnsýsla*, og í þeim kafla er áherslan á aðhald og hagræðingu innan borgarkerfisins.

Það er erfitt að andmæla þeim málflutningi að aðhald og ráðdeild sé höfð í fyrirrúmi í rekstri borgarinnar, en eðlilegra hefði verið að spyrja hvort sóknarfærin sem í málaflokki menningar búa væru að nýtast til fulls? Hvort sú auðlind sem í starfi listamanna, stofnanna og hópa á menningarsviðinu skilað sem bestum og mestum árangri? Setja upp markmið um metnaðarfullan árangur – það er hin rétta nálgun og í anda þeirrar ímyndar sem Reykjavíkurborg vill draga upp af sér, sem hringiðu og iðandi vettvangs framsækinnar og lifandi list- og frumsköpunar.

Með svo umfangsmikilli breytingu á stjórnsýslu menningar og listsköpunar hefði verið skynsamlegt að byrja á að leita í þá þekkingu sem er að finna innan hinna fjölmörgu menningarstofnanna borgarinnar; fyrirtækja og listhópa, samtaka listamanna og fyrirtækja í menningarrekstri. Á engum tímapunkti hefur öll sú fjölbreytta starfsemi sem kemur að málaflokknum verið spurð um gagnsemi þess fyrir umhverfið að vera sameinuð undir eitt svið með alls óskyldum málaflokki.

Það sem en eykur á óvissu þessa ferðalags Reykjavíkurborgar er að á sviði menningarmála hefur um nokkurt skeið ekki verið starfandi sviðstjóri með faglegan bakgrunn í málaflokki menningar. Fagsvið menningarinnar kemur því ekki að þessu sameiningarborð með þá afburðabekkingu á list- og menningarrekstri sem sjálfsagt er að gera kröfu um hjá höfuðborg sem vill staðsetja sig sem eina af „heitu reitum“ listsköpunar á vesturlöndum. Einnig má halda því til haga að fram að síðasta kjörtímabili var BÍL með tvo áheyrnarfulltrúa í menningar- og ferðamálaráði (MOF) en þeim var fækkað niður í einn á síðasta tímabili þegar ráðið tók að sér hið tvöfalda hlutverk menningar og lista annars vegar og svo íþróttu og tólmstunda hins vegar. Að hafa fulltrúa fagfólks með þekkingu við borðið er bæði ódýr og skynsöm leið til að tryggja upplýsingar og auka fagmennsku í samtalinu og ákvörðunum.

Þessi staða á sviði menningarmála gerir því allt samráð við undirstofnanir þess enn brýnna en ella, sem og við fulltrúa listamanna, aðila sem stýra fyrirtækjum, eða eru í forsvari fyrir hópa í menningar- og listsköpun í borginni, að leggja í hafið með þessa áætlun, en svo veika þekkingu á umhverfinu sem um á að véla er hvorki ríðlegt né skynsamlegt.

BÍL fer því fram á að í starfshópinum sem fær það verkefni að móta þetta nýja svið menningar, íþróttu og tólmstunda verði fulltrúi Bandlags íslenskra listamanna, til að tryggja að til staðar sé milliliðalaus faglega umræðu um þennan flókna og mikilvæga málaflokk.

Virðingarfyllt,

Erling Jóhannesson

Forseti Bandalags íslenskra listamanna